

Fjölskyldustefna Fjarðabyggðar

Framtíðarsýn

Þjónusta Fjarðabyggðar styður við og eflir fjölskyldur í sveitarfélaginu með það í huga að auka tækifæri einstaklinganna og valkosti í lífinu.

Leiðarljós

Við mótun og framkvæmd fjölskyldustefnu Fjarðabyggðar er eftirfarandi haft að leiðarljósi:

- Fjölskylda er hugtak sem á við um alla þá sem eru með heimili í Fjarðabyggð, hvort sem um er að ræða stórfjölskyldur, kjarnafjölskyldur, samsettar fjölskyldur, sambýlisfólk eða einstaklinga.
- Allar fjölskyldur og allir einstaklingar njóta virðingar og eru jafnrétt háir.
- Sterkar, sjálfstæðar og ábyrgar fjölskyldur eru grunnur sterks og öflugs samfélags.
- Fjölskyldur veita einstaklingum öryggi og tækifæri til vaxtar og stuðla að því að einstaklingarnir dafni og verði ábyrgir.
- Styrkleiki í samböndum fullorðinna er grunnur að vellíðan barna, grunnur farsældar verður til á fyrstu árum lífs hvers einstaklings.
- Fjölskyldur eru ábyrgar fyrir eigin fjölskyldumeðlimum og gagnvart samfélaginu sem þær búa í, fullorðnir fjölskyldumeðlimir bera jafna ábyrgð á velferð fjölskyldunnar.
- Sveitarfélagið getur haft áhrif á velferð fjölskyldna og getu þeirra til þess að dafna en fjölskyldur bera ábyrgð á daglegri virkni og starfsemi sinni.

Meginmarkmið

Fjarðabyggð eflir fjölskyldur og fjölskyldumeðlimi með fjölbreyttri þjónustu, til samræmis við ákvæði laga og þarfir þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda. Áhersla er lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir, fagmennsku, viðurkenndar aðferðir, skilvirkni og hagkvæmni.

Í því samhengi miðar þjónusta sveitarfélagsins við að:

- Hvetja allar fjölskyldur til áframhaldandi búsetu í Fjarðabyggð og nýta það þjónustuframboð sem þörf er á hverju sinni.
- Styðja við þær fjölskyldur sem þess þurfa, með það að leiðarljósi að auka lífsgæði þeirra.
- Gefa fjölskyldum í verulegum vanda kost á sértækum stuðningsaðgerðum með það að leiðarljósi að styðja fjölskyldurnar til betri lífsgæða og þátttöku í samfélaginu eins og kostur er.

Stefna

Í allri þjónustu við fjölskyldur stefnir Fjarðabyggð að því að:

- Virðing og lausnamiðuð nálgun sé grundvöllur allra samskipta, bæði við fjölskyldurnar og samstarfsaðilana.
- Þjónustan verði fjölbreytt og einstaklingsmiðuð til að mæta sértækum þörfum ólíkra fjölskyldna og um leið til samræmis við ákvæði laga.
- Þjónusta við fjölskylduna verði heildstæð, samþætt og samræmd.
- Ákvörðun um veitta þjónustu miði að því að jafnræðis sé gætt og hagsmunir notandans hafðir að leiðarljósi, m.a. með því að tryggja góða, fyrirbyggjandi, áreiðanlega, skilvirka og til lengri tíma hagkvæma þjónustu.
- Persónutengd þjónusta verði mótuð eftir þörfum og aðstæðum og veitt í nærumhverfi fjölskyldunnar og með fjölskylduvænum hætti eins og kostur er.
- Þjónustuáherslur miði að því að gera fjölskyldur hæfari til að mæta þjóðfélagslegum og/eða persónulegum breytingum.
- Verklag við mótun og framkvæmd þjónustu tryggi gott aðgengi að úrræðum.
- Ákvarðanir um þjónustu byggji á faglegri þekkingu og viðurkenndum aðferðum.

Markmið:

Fjarðabyggð setur sér eftirfarandi markmið til næstu þriggja ára:

Stefnuþættir	Markmið
Virðing og lausnamiðuð nálgun verði grundvöllur allra samskipta, bæði við fjölskyldur og samstarfsaðila.	Samskipti byggja á samvinnu, sameiginlegum skilningi, virkri hlustun, virðingu og umhyggju aðila. Þjónustuaðilar temji sér jákvæð og lausnamiðuð viðhorf í samskiptum við fjölskyldur.
Þjónustan verði fjölbreytt og einstaklingsmiðuð til að mæta sértækum þörfum ólíkra fjölskyldna og um leið til samræmis við ákvæði laga í.	Allir hafi aðgengi að fjölbreyttri og einstaklingsmiðaðri grunnþjónustu. Til staðar verði sérhæfð úrræði sem stuðli að virkri þátttöku í samfélaginu fyrir þá sem á þurfa að halda. Í boði verði gott framboð á fræðslu og frístundum.
Þjónusta við fjölskyldur verði heildstæð, samþætt og samræmd.	Skipulag, verkferlar og verklag tryggi heildstæða, samþætta og samræmda þjónustu Fjölskyldur í vanda, og þær sem eru á mörkum þess að vera í vanda, hafi tengilið sem annast samskipti og tryggir samræmingu þjónustu allra viðeigandi þjónustuaðila innan fjölskyldusviðs.
Ákvörðun um veitta þjónustu miði að því að jafnræðis sé gætt og hagsmunir notandans verði hafðir að leiðarljósi, m.a. með því að tryggja góða, fyrirbyggjandi, áreiðanlega, skilvirka og til lengri tíma hagkvæma þjónustu.	Öllum íbúum verði tryggð leið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir eða skortir. Forvarnir verði markvissar og sértækar. Uppeldisstefnu verði beitt á skipulagðan, áreiðanlegan og hagkvæman hátt. Brugðist er við um leið og vandi er sjáanlegur og málum fylgt eftir.
Persónutengd þjónusta verði mótuð eftir þörfum og aðstæðum og er veitt í nærumhverfi fjölskyldunnar og með fjölskylduvænum hætti eins og kostur	Verklag og aðstaða persónutengdrar þjónustu miði, eins og hægt er, að því að vera á þeim stöðum þar sem fjölskyldan sinnir sínum daglegu verkum. Reglulega verður skoðað hvort þjónusta sveitarfélagsins fyrir fjölskyldur mæti þörfum og aðstæðum
Þjónustuáherslur miði að því að gera fjölskyldur hæfari til að mæta þjóðfélagslegum og/eða persónulegum breytingum.	Hæfni barna við lok grunnskóla geri þeim kleyft að nýta sér tækifæri til náms og vinnu. Þjóða upp á almennar og sérhæfðar forvarnir til að minnka líkur á félagslegum vandamálum, t.d. er tengjast vímuefnanotkun, kynfræðslu, ofbeldi, geðheilbrigði, hinsegin fræðslu og netsamskiptum. Auka öryggi fjölskyldna með því að bjóða upp á ráðgjöf, m.a. í fjármálum, húsnæðis- og atvinnumálum og um menntun.
Verklag við mótun og framkvæmd þjónustu tryggi gott aðgengi að úrræðum.	Tryggja gott aðgengi og markvissa upplýsingagjöf að þjónustu fjölskyldusviðs og Skólaskrifstofu Austurlands. Efla aðgengi að þjónustu. Samráð verði við ríkisstofnanir, s.s. heilsugæslu og framhaldsskóla, um aðgengi að sérfræðiþjónustu.
Ákvarðanir um þjónustu byggja á faglegri þekkingu og viðurkenndum aðferðum.	Starfsfólk hafi menntun, færni og þekkingu til að veita tilhlýðilega ráðgjöf og þjónustu. Fagleg þekking í stofnunum fjölskyldusviðs nýtist í öllum stofnunum.